

Uppskeruhátíð Hestamannafélagsins Snæfellsings fór fram í gærkvöldi. Hefð er fyrir því að veita knöpum í barna, unglinga og unglingaflokki í félaginu hvatningarverðlaun fyrir þátttöku í mótum á afstöðnu tímabili.

Hér er mynd af knöpum sem hlutu viðurkenningu í barnaflokki árið 2021 ásamt Herborgu Sigríði formanni félagsins

Magnús Ingi Sigfússon, Haukur Orri Bergmann Heiðarsson, Kristín Lára Eggertsdóttir, Sól Jónsdóttir - á myndina vantar Ara Osterhammer Gunnarsson, Írisi Önnu Sigfúsdóttur og Sölva Frey Söldal Jóhannsson



Knapar sem hlutu viðurkenningu í unglingaflokki árið 2021 ásamt Herborgu Sigríði formanni félagsins.

Gísli Sigurbjörnsson, Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir, Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir, Hera Guðrún Ragnarsdóttir, Signý Ósk Sævarsdóttir, Valdís María Eggertsdóttir - á myndina vantar Helgu Sóleyju Ásgeirsdóttur



Knapar sem hlutu viðurkenningu í ungmennaflokki árið 2021 ásamt Herborgu Sigríði formanni félagsins
Gróa Hinriksdóttir og Inga Dóra Sigurbjörnsdóttir - á myndina vantar Ingu Dís Víkingsdóttur og Tinnu Guðrúnu Alexandersdóttur



Veitt voru verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á árinu í barna, unglinga og ungmennaflokki en það voru þau Haukur Orri Bergmann Heiðarsson sem hlaut þau verðlaun í barnaflokki, Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir sem hlaut þau verðlaun í unglingaflokki og Inga Dís Víkingsdóttir sem hlaut þau verðlaun í ungmennaflokki. Hér er mynd af systkinunum Hauki Orra og Hörpu Dögg ásamt Herborgu Sigríði formanni félagsins og Halldóru Einarsdóttur sem tók á móti verðlaununum fyrir hönd Ingu Dísar Víkingsdóttur.



Knapi ársins hjá Hestamannafélaginu Snæfelling árið 2021 er Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir.

Frábær árangur hjá Hörpu Dögg í unglingaflokk á árinu. Hefur hún tekið þátt í fjölda móta og staðið sig mjög vel og verið glæsilegur fulltrúi Snæfelling innan vallar sem utan.

Hennar helstu afrek árið 2021 voru:

Vann fjórganginn í Meistardeild Líflands og æskunnar.

Á mótunum hjá Snæfelling vann hún bæði fjórganginn og tölt á íþróttamótinu og var þar með samanlagður sigurvegari í unglingaflokki. Á hestabínginu var hún efst í sínum flokk og valin efnilegasti knapinn.

Á Íþróttamóti hjá Spretti var hún í 2.sæti í T4

WR íþróttamót Geysis haldið á Hellu, þar keppir hún á Þyt frá Stykkishólmi og vannur bæði T4 slaktaumatölt og fjórgang. Er líka á Öbbu frá Minni Reykjum og þær voru í 4 sæti í T3. Á Mosfellsbæjarmeistaramótinu vannur hún fjórganginn og er í 3. sæti í T3 tölti. Á

Fjórðungsmóti Vesturlands er hún í 4. sæti í unglingaflokk í forkeppni og í T3 er hún í 1. – 2. sæti.

Íþróttamót Borgfirðings mætti hún með 4 hross og stóð sig gríðarlega vel á þeim öllum

Á Reykjavíkurmeistarmóti eru Harpa og Þytur í 3. sæti í slaktaumatölti T4 og 2. sæti í fjórgang V2

Íslandsmót barna og unglinga á Þyt í T4 Tölt í 6. sæti, í Fimi unglinga eru þau í 3 sæti.



Veittar voru viðurkenningar fyrir fyrir efstu hryssu og efsta stóðhest í hverjum flokki

Efsta 4 v hryssa er Röst frá Bergi - aðaleinkunn 8,04 - Ræktendur og eigendur eru Anna Dóra Markúsdóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson.

Efsta 5 v hryssa er Hetta frá Söðulsholti - aðaleinkunn 8,27 - Ræktandi er Söðulsholt ehf.

Efsta 6 v hryssa er Sandvík frá Bergi - aðaleinkunn 8,24 - Ræktandi og eigandi er Jón Bjarni Þorvarðarson

Efsta 7 v hryssa er Drótt frá Brautarholti - aðaleinkunn 8,17 -Ræktendur og eigendur eru Snorri Kristjánsson, Björn Kristjánsson og Þrándur Kristjánsson.



Efsti 4v stóðhestur er Sesar frá Naustum - aðaleinkunn 7,84 - Ræktandi og eigandi er Illugi Guðmar Pálsson

Efsti 5 v stóðhestur er Hlýri frá Bergi - aðaleinkunn 8,06 - Ræktandi og eigandi er Anna Dóra Markúsdóttir

Efsti 7 v stóðhestur er Huginn frá Bergi - aðaleinkunn 8,55 - Ræktandi og eigandi er Anna Dóra Markúsdóttir



Ræktunarbú ársins 2021

Anna Dóra Markúsdóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson á Bergi fengu viðurkenningu fyrir ræktunarbú ársins. Frá þeim voru sýnd fjöldi kynbótahrossa með góðum árangri. Hér má sjá þær mæðgur Önnu Dóru og Sól taka við viðurkenningunni frá Herborgu Sigríði formanni félagsins.



Þotuskjöldurinn

Þotuskjöldurinn er afhentur þeim félagsmanni sem skarað hefur fram úr á sviði ræktunar, reiðmennsku eða félagsmála. Skjöldurinn er viðurkenning sem sem Leifur Kr. Jóhannesson fyrrverandi ráðunautur, ræktandi og einn af stofnendum Snæfellinga, gaf félaginu til minningar um heiðursverðlauna hryssu sína Þotu frá Innra-Leiti

Sigrún Ólafsdóttir hlýtur skjöldinn að þessu sinni .

Sigrún hefur lagt félaginu og hestamenskunni mikið lið í félagsmálum og verið óeigingjörn á sitt starf fyrir okkur hestamenn. Sigrún hefur víða komið við í félaginu okkar. Meðal annars var hún formaður Snæfellinga árin 2003 til 2007 og víðar hefur hún lagt til sín störf og var meðal annars formaður félags tamningamanna árin 2008 til 2013 Þau eru líka orðin ansi mörg hestamannamótin stór og smá sem Sigrún hefur komið að þulastörfum. Það er alltaf gott að leita til Sigrúnar um ósk um framlag til starfa okkar hestamanna.

Stjórn Snæfellinga þakkar Sigrúnu kærlega fyrir allt hennar frábæra starf í gegnum tíðina fyrir félagið.



Myndir: Íris Huld Sigurbjörnsdóttir